

Stærstu flugfélög heims leysa flugraskanir í samstarfi við AviLabs á Íslandi

Fulltrúar fleiri en 40 flugfélaga víðsvegar að úr heiminum koma saman í Hörpu á Íslandi dagana 9-10 September á ráðstefnunni Grounded sem er haldin í annað sinn

REYKJAVIK, ICELAND, September 11, 2025 /EINPresswire.com/ -- Fulltrúar fleiri en 40 flugfélaga víðsvegar að úr heiminum koma saman í Hörpu á Íslandi dagana 9.-10. september á ráðstefnunni [Grounded](#) sem er haldin í annað sinn. Grounded er eina ráðstefnan á heimsvísu þar sem ljósinu er varpað á flugraskanir og hvernig flugfélög geti betur leyst úr ferðarofi farþega.



From right to left, summit creators Sveinn Akerlie, Simon Dempsey and Matthew Walker; content lead, Pragya Shail and summit project manager, Anna Richardson.

Íslenski frumkvöðlafyrirtækið AviLabs stendur að Grounded og er leiðandi í þróun lausna sem veita flugfélögum heildarinnis og leiðir til þess að leysa úr ferðarofi. Að baki AviLabs eru íslenskir fjárfestar, þar á meðal Frumtak og Brunnur.

“

Einmitt þess vegna er Grounded ómissandi; ráðstefnan er vettvangur samstarfs til þess bæta geirann sem heild.”

*Diederik-Jan Bos,
forstöðumaður flugáhafnar
hjá SAS*

Stærstu flugfélög beggja vegna Atlantshafs sækja Grounded

Á Grounded koma saman stjórnendur og sérfræðingar frá leiðandi og sumum af stærstu flugfélögum heims á borð við United Airlines, Southwest, British Airways, Air Asia, Emirates, og Delta og verða fulltrúar beggja íslensku flugfélaganna, Play og Icelandair einnig viðstaddir. Fulltrúar allra flugfélaganna eiga það sameiginlegt að koma að úrlausn flugraskana hjá sínum félögum hvort sem það snýr að upplýsingatækni, viðskiptavinum, rekstri, fjármálum,

nýsköpun eða öðrum þáttum.

Samanlegt flytja þau flugfélög sem taka þátt í Grounded um 30% allra farþega á heimsvísu.

Diederik-Jan Bos, forstöðumaður flugáhafnar hjá SAS

"Öll þau sem koma að flugrekstri vita að jafnvel þótt öll flug á vegum eigin félags væru á tíma og án raskana, þá gætu raskanir hjá öðru flugfélagi engu að síður haft áhrif á okkar flugáætlun. Einmitt þess vegna er Grounded ómissandi; ráðstefnan er vettvangur samstarfs til þess bæta geirann sem heild."

Jonna Vermilä-Alajääski, yfirmaður flugraskana hjá Finnair

"Flugfélög eru meðvituð um mikilvægi þess og þær miklu áskoranir sem felast í því að meðhöndla flugraskanir betur. Grounded ráðstefnan á Íslandi er einstök upplifun sem býður okkur upp á framúrskarandi tækifæri til tengslamyndunar og lærdóms fyrir öll þau sem sinna stjórnun flugraskana."

Sveinn Akerlie, stofnandi og framkvæmdastjóri AviLabs

"Grounded er einstakur vettvangur þar sem við setjum með stolti arfleifð Íslands í flugi, leiðandi hlutverk okkar við þróun lausna vegna flugraskana, og öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfi í kastljósið. Þátttakan á ráðstefnunni er fyrsta flokks og við bjóðum velkomna leiðtoga frá yfir 40 flugfélögum á heimsvísu þar á meðal sum af þeim allra stærstu. Þessi gríðarlega þátttaka er til marks um metnað fluggeirans að umbreyta öllu því sem kemur að flugröskunum."

Um Grounded

Grounded er eina flugráðstefnan sem er alfarið helguð því að leysa ferðarof flugfarþega. Ráðstefnan var sett á laggirnar árið 2024 af Plan3 [AviLabs] og leiðir saman stjórnendur flugfélaga til að stuðla að umræðum um áhrif raskana á upplifun farþega og þróun lausna við ferðarofi. Með því að einblína á fyrirbyggjandi, gagnadrifnar aðferðir stefnir Grounded að því að endurskilgreina hvernig flugfélög nálgast stjórnun raskana og umbreyta áskorunum í tækifæri til að auka tryggð og ánægju viðskiptavina og rekstrarhagkvæmni.

Sveinn Akerlie

AviLabs [creators of Grounded & Plan3]

[email us here](#)

Visit us on social media:

[LinkedIn](#)

[Instagram](#)

[Facebook](#)

[YouTube](#)

This press release can be viewed online at: <https://www.einpresswire.com/article/848124060>

EIN Presswire's priority is source transparency. We do not allow opaque clients, and our editors try to be careful about weeding out false and misleading content. As a user, if you see something we have missed, please do bring it to our attention. Your help is welcome. EIN Presswire, Everyone's Internet News Presswire™, tries to define some of the boundaries that are reasonable in today's world. Please see our Editorial Guidelines for more information.

© 1995-2025 Newsmatics Inc. All Right Reserved.